

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 770/2006 um veiðar á íslenskri sumargotssíld.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir bann við síldveiðum með flotvörpu samkvæmt þessari grein eru veiðar á íslenskri sumargotssíld heimilar í friðunarsvæði vestur af landinu sem tilgreint er í 1. og 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 310/2007, um friðunarsvæði við Ísland.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. október 2018.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Arnór Snæbjörnsson.